

Fundargerð 11. fundar

Starfshópur um sérhæfða akstursþjónustu í Hafnarfirði.

Haldinn kl. 12, mánudaginn 19. ágúst 2019 að Strandgötu 6.

Mættir: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Sigurður Þ. Ragnarsson, Guðmundur Ragnar Ólafsson, innkaupastjóri, Margrét Vala Marteinsdóttir, Elísabet Hansdóttir frá Ráðgjafarráði, Elín Ýr Arnar (og Lubbi) frá Ráðgjafarráði, Guðmundur Sverrisson, fjármálasviði, Þórdís Helga Ólafsdóttir, Fræðslu- og frístundaþjónustu, Sigurður Guðjón Jónsson frá Mannviti og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu sem ritaði fundargerð.

1. mál.

Rætt um gerð handbókar sem tilgreinir þjónustuna. Starfshópurinn skal koma að vinnslu handbókarinnar, auk fulltrúa frá Ráðgjafarráði, embættismönnum og væntanlegum verktaka.

2. mál.

- Umræða varð um afmörkun þjónustunnar þ.e.a.s. hvert hlutverk bílstjóra sé varðandi aðstoð við einstaklinga úr og í bíla. Lagt er upp með að bílstjórar sjái eingöngu um akstur en aðrir stuðningsaðilar sjái um aðstoð við að komast að og frá bílum. Þar er um að ræða stuðningsfulltrúa í skólum, starfsfólk búsetukjarna, foreldra, aðstandendur o.fl.
- Vinna er hafin við gerð þjónustulýsingar.
- Rætt um hvernig haga skuli tilkynningum til notanda og voru fundarmenn sammála um að heppilegast sé að tilkynningar berist bæði með sólarhringsfyrirvara og einnig 15 mínútum áður en þjónustan hefst.

3. mál.

Óskað verður eftir því að starfshópurinn verði starfandi áfram eftir að akstursþjónustan tekur til starfa. Fylgja þarf nýrri þjónustu eftir, bregðast þarf við ófyrirséðum atvikum o.fl.

4. mál.

Næsti fundur verður mánudaginn 2.sept.

Fundi slitið kl. 12:45.